

*að* er varðskipið lýsti togaranum með varpljósinu, sá það að bakborðsvarpan hékk utanborðs,

*að* er menn þeir er varðskipið sendi um borð í togarann komu þangað, var bakborðsvarpan enn eigi að fullu komin innanborðs,

*að* í vörpunni var lifandi fiskur, bæði flatfiskur og þorskur og,

*að* gott veður var greindan dag og því engin sennileg ástæða að leita inn á Aðalvík til þess að gjöra við vörpuna.

Með skirskotun til þess, sem að framan er tekið fram, þykir kærður hafa gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þar eð hjer er um fyrsta brot kærðs gegn þessum lögum að ræða og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu er 0,8210 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega metin sekt að upphæð kr. 12200.00, er greiðist innan mánaðar frá birtingu dómsins, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist ella með 6½ mánaðar einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

---

Miðvikudaginn 7. maí 1930.

Nr. 116/1929. **Ísleifur Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Ásgeiri Guðmundssyni o. fl.**

(cand. jur. Theodór Lindal).

Innsetningargjörð.

Eignarréttarfyrrvari áfrýjanda gagnvart stefndu talinn gildur.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 23. maí 1929: Hin umbeðna innsetningargjörð skal ekki fara fram.

**Dómur hæstaréttar.**

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði áfrýjandi, þá er hann seldi Jóhannesi nokkrum

Jónassyni, verksala hinna stefndu húseigenda að byggingu húss þeirra, Vesturgötu 16, er verksali þá hafði í smiðum fyrir þá, hér umrædd tæki, áskilið sér eignarrétt að tækjunum og heimild til að taka þau aftur með aðstoð fógeta, ef þau yrðu ekki greidd honum, er hinir stefndu húseigendur fengju þá ráðgjört veðdeildarlán út á nefnt hús, sem tækin áttu að fara í.

Tækin voru sett í húsið fyrir miðjan júlí 1927. En síðast í ágúst flutti annar hinna stefndu eigenda í húsið og um eða eftir mánaðamótin okt. og nóv. tóku þeir báðir við húsinu, að því er séð verður, fyrirvaralaust að öðru leyti en því, að útnefndir menn vottuðu það 24. nóv., að 1373 kr. vantaði í að verksali, sem orðið hafði gjaldþrota 2. s. m., hefði skilað húsparti hér umrædds eiganda í tilskildu standi, og hafði þó báðum hinum stefndu húseigendum orðið kunnugt um eignarfyrirvara áfrýjanda fyrir 11. ágúst.

Nefnt veðdeildarlán var tekið 23. dez. 1927, án þess að áfrýjanda væri greitt söluverð tækjanna, og það er in confesso, að honum er það ógreitt enn.

Þá er það og sannað með skoðunargjörð dómkvaddra manna, að hægt sé að nema tækin á burt, án þess að spilla verðmæti hússins um fram það, sem tækin kosta og ganga kann til þess að koma húsinu í samt lag og var, áður en tækin voru sett í það.

Eignarfyrirvari áfrýjanda er því gildur gagnvart báðum hinum stefndu húseigendum.

Og þar sem hvorki veðbréfið fyrir veðdeildarlánu né fyrir lánum hinna annara veðhafa, sem, að undanteknu veði annars eiganda í húsparti hins, eru eldri en innsetning tækjanna í húsið, hafa verið lögð fram í hæstarétti og ekki heldur á annan hátt upplýst, hvað fólgði hefir verið í veðinu, þá verður eignar-

fyrirvari áfrýjanda og að teljast virkur gagnvart hinum stefndu veðhöfum.

Það verður því, samkv. kröfu áfrýjanda að fella fógetaréttarúrskurðinn úr gildi og skylda fógetann til að afhenda áfrýjanda umrædd tæki, gegn því að áfrýjandi setji húsið, á sinn kostnað, í samt lag og það var að þessu leyti, áður en tækin voru sett í það.

Svo verður og samkv. þessum úrslitum að skylda hina stefndu húseigendur til þess, annan fyrir báða og báða fyrir annan, að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 250 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn er felldur úr gildi og fógetanum jafnframt gjört að fá áfrýjandanum, Ísleifi Jónssyni, umrædd tæki gegn því, að Ísleifur setji húsið nr. 16 við Vesturgötu á sinn kostnað í samt lag og það var að þessu leyti, áður en tækin voru sett í það.

Svo greiði hinir stefndu húseigendur, Ásgeir Guðmundsson og Ólafur R. Ólafs, áfrýjandanum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti með 250 kr.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjanda úrskurðar hljóða svo:

Með beiðni, dags. 5. dezember 1927, fóru þeir, Jón Ásbjörns-son hrm. og Sveinbjörn Jónsson hrm. þess á leit, að Ísleifur Jónsson, kaupmaður hér í bæ yrði settur inn í umráðarétt yfir vatns-, skulp- og hitaleiðslum í húsinu nr. 16 við Vesturgötu, sem er eign Ásgeirs Guðmundssonar cand. jur. og Ólafs

R. Ólafs, og heimila honum rétt til að taka alla þá muni burtu úr húsinu. Gjörðarþoli, Ásgeir Guðmundsson, cand. jur., sem var mættur fyrir sjálfan sig og meðeiganda sinn og alla veðhafa í húsinu, hefir mótmælt framgangi þessarar gjörðar og lögðu því aðiljar atriðið undir úrskurð fúgetaréttarins.

Málavextir eru þeir, er hér greinir: Með samningi, dags. 20. júní 1927, seldi Ísleifur Jónsson kaupmaður, hér í bæ, Jóhannesi Jónassyni, byggingarmeistara, vatns-, skulp- og hitaleiðslur í húsið nr. 16 við Vesturgötu, svo og alla vinnu við lagningu á ofanefndu efni, að undanskildu tré- og múrsmíði. Fyrir þetta skyldi nefndur Jóhannes greiða kr. 3075.00 þegar væntanlegt veðdeildarlán fengist út á húseignina, og skyldi þessi samningur jafnframt gilda sem ávisun á veðdeildarpeningana fyrir fyrgreindri upphæð. Ennfremur áskildi seljandi sér eignarrétt á þessum munum þar til að kaupverðið væri að fullu greitt. Með því nú að ofangreint kaupverð hefir ekki verið innt af hendi, hefir seljandi haldið fast við eignarréttarheimild sína og krafizt þess, að munirnir yrðu teknir úr húsinu með fúgeta aðstoð og sér heimilaður umráðaréttur yfir þeim.

Gjörðarþoli, Ásgeir Guðmundsson cand. jur., sem var mættur fyrir sjálfan sig, meðeiganda sinn og veðhafa í húsinu, hefir mótmælt þessari innsetningargjörð og haldið því fram, að þessi eignarréttarfyrirvari væri ógildur, bæði gagnvart eigendum hússins og sòmuleiðis veðhöfum. Hann hefir fullyrt það, að samkv. samningum, dags. 25. ágúst 1926, hafi eigendur hússins, Vesturgötu 16, samið svo um við Jóhannes Jónasson trésmíðameistara hér í bæ, að hann byggði fyrir þá áður nefnt hús og skyldi hann leggja til í það allt efni og vinnu og skyldu verkkaupar verða eigendur efnis og vinnu jafn skjótt og það væri komið í fast samband við húsið. Þá hefir hann og haldið því fram, að honum og umbjóðendum hans hafi verið algjörlega ókunnugt um þennan eignarréttarfyrirvara á umræddu efni og vinnu, er munirnir voru tengdir við húsið, og með því að það sé nú orðið múr- og naglfast við húsið, geti ekki komið til mála, að þeir verði teknir niður aftur, enda skerði það verðmæti hússins að miklum mun og rýri óhæfilega verðmæti. Hann hefir og staðhæft það, að með því, að eigandi efnis og vinnu hafi heimilað í samning sínum við Jóhannes veðsetningu í húsinu, enda þótt að honum hafi verið kunnugt um, að hann hafi verið að byggja fyrir aðra,

þá hafi hann með þeirri heimild ónýtt eignarréttarfyrrvarann, þá hefir og gjörðarþoli upplýst það, að veðsetning hafi farið fram í húsinu ásamt öllu því tilheyrandi múr- og naglföstu og þar með verði að teljast vatns-, skólp- og hitaleiðslutæki hússins og telur hann, að veðhafarnir þurfi ekki að hlíta því, að þessir munir séu teknir úr húsinu, með því og að þessi samningur sé óþinglesinn. Ef úrskurður félli svo, að innsetningargjörðin næði fram að ganga, krafðist gjörðarþoli tryggingar, að upphæð kr. 3000.00.

Umboðsmaður gjörðarbeiðanda hefir hinsvegar haldið því fram, að sjálfsgagt væri að taka umræddar leiðslur í burtu úr húsinu, með því að eignarréttur seljanda sé svo skýr og geti ekki á nokkurn hátt verið fallinn niður. Hann hefir mótmælt því, að þessir munir væru svo múraðir inn í vegg hússins og gólf, að ómögulegt væri að taka þá í burtu án þess að skerða verðmæti hússins og hefir hann vitnað því til stuðnings í matsvottorðið á réttarskj. nr. 9. Þá hefir hann og haldið því fram, að ekki geti verið um það að ræða, að réttur seljanda yfir þessum munum væri extingveraður, með því að þá hefðu gjörðarþolar orðið að fá þessar leiðslur í þeirri öruggu trú, að Jóhannes hefði fullan rétt yfir þeim og fullan rétt til að framselja þeim þær kvaðalaust, og heldur hann því fram, að ekkert slíkt í sambandi Jóhannesar og gjörðarþola hafi getað vakið þessa trú hjá gjörðarþolum. Þá staðhæfir umboðsmaður gjörðarbeiðanda það, að gjörðarþolar hafi vitað um hinn skilorðsbundna eignarrétt áður en veðsetning fór fram til veðdeildarinnar.

Það er upplýst í málinu, sbr. réttarskj. nr. 2, að gjörðarbeiðandi, Ísleifur Jónsson, hefir selt Jóhannesi Jónassyni muni þá, sem krafist er innsetningar í, ásamt vinnu við að setja þessa muni niður í húsið með skilorðsbundnum eignarrétti. Hinsvegar er það ekki upplýst, að gjörðarþolar, sem voru eigendur hússins, hafi vitað um þennan skilorðsbundna sölusamning, er munirnir voru tengdir við húsið, þá hefir og heldur engin þinglýsing farið fram á þessum sölusamningi og ekki upplýst, að veðhöfum hafi verið kunnugt um hann er þeir fengu veð í fasteigninni. Hinsvegar verður að líta svo á, að þessir munir, samtengdir öðru efni hússins, séu komnir í svo fast samband við húsið, að þeir verði að teljast hluti af því og þá ekki hægt að nema burtu aftur frá þeim, sem í góðri trú hafa öðlast rétt yfir fasteigninni, hvort heldur eignarrétt eða veðrétt.

Það verður því að neita um framgang hinnar nmbeðnu gjörðar.

---

Mánudaginn 12. maí 1930.

Nr. 17/1930.      **Réttvisin** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
    gegn  
**Georg Grimssyni** (Magnús Guðmundsson).

Brot g. 9. gr. l. nr. 51, 1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. febr. 1930:  
 Ákærður, Georg Grimsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-  
 viðurværi í 1 ár.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýj-  
 aða aukaréttardómi, ber að staðfesta hann, þó með  
 þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega  
 metin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviður-  
 væri.

Ákærða ber að greiða llan áfrýjunarkostnað máls-  
 ins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-  
 anda í hæstarétti, er ákveðast 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Georg Grimsson, sæti 5 mánaða fangelsi  
 við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann all-  
 an kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti,  
 þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-  
 anda í hæstarétti, málflutningsmannanna Stefáns